

Sjónmissistrygging Blindrafélagsins

ÚTDRÁTTUR

1. Til hvers tekur váttryggingin

- 1.1 Váttryggingin tekur til slyss sem váttryggður verður fyrir og veldur varanlegum sjónmissi (blindu) innan 12 mánaða frá slysdegi. Með sjónmissi í meðfylgjandi skilmálum er átt við þegar sjón hans verður minni en 5% með venjulegum sjónglerjum og innan við 10 gráðu sjónsvið.

2. Hvar gildir váttryggingin

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum

3. Félagið bætir ekki:

- a. slys sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða,
- b. slys sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgoss, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara,
- c. slys er váttryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði,
- d. slys sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss,
- e. slys sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun eða neyslu nautnalyfja,
- f. slys eða sjúkdóma vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka,
- g. hvers konar tjón, beint eða óbeint, sem rekja má til asbests.
- h. slys sem verða vegna þátttöku með beinum eða óbeinum hætti í:
 - i. köfun þar sem öndunartækja þarf við, klettaklifri, fjallamennsku eða hellakönnun án nauðsynlegra öryggistækja, kappreiðum eða hvers kyns kappakstri án augnhlífa.
 - ii. akstri eða notkun bifhjóls eða léttra bifhjóla í flokki I og II skv. skilgreiningu umferðarlaga, án augnhlífa.

4. Hvað ber váttryggðum að gera í kjölfar slyss

- 4.1 Váttryggðum ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.
- 4.2 Tilkynna skal slys til félagsins þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.
- 4.3 Þegar slys ber að höndum, er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða váttryggðan.
- 4.4 Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins þannig að fullnægt sé skilyrðum bótaskyldu skv. 9. gr., skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.
- 4.5 Félagið greiðir læknisvottorð sem aflað er að beiðni þess.
- 4.6 Sá sem á rétt til bóta úr váttryggingunni glatar þeim rétti ef ekki er gerð krafa um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á, sbr. 1. Mgr. 124. Gr. laga um váttryggingarsamninga.

5. Bætur fyrir varanlegan sjónmissi

- 5.1 Verði um að ræða varanlegan sjónmissi þarf að liggja fyrir vottorð augnlækis sem staðfestir að skilyrði gr. 9.1. í meðfylgjandi váttryggingarskilmálum séu uppfyllt. Fer um greiðslu bóta skv. skilmálum.

6. Hver á rétt á bótum

- 6.1 Váttryggður er réttihafi bóta og er óheimilt að tilnefna annan sem réttihafa.

Fyrirvari: Þetta er einungis útdráttur úr skilmálum 346 að beiðni Blindrafélagsins og er þetta ekki tæmandi talning á því sem fram kemur í váttryggingarskilmálum. Váttryggingarskilmálarnir gilda og varðandi nánari útfærsluatriði er vísað til þeirra. Váttryggðum er bent á að kynna sér vel váttryggingarskilmálana.